



## Fjármögnunaráætlun Landsbankans árið 2020

Landsbankinn birtir hér uppfærða áætlun um fjármögnun á markaði fyrir árið 2020 ásamt útboðsdagatali fyrir regluleg útboð á innlendum markaði. Nánari upplýsingar um fjármögnun Landsbankans á markaði má nálgast á heimasíðu Landsbankans, [www.landsbankinn.is/fjarfestar/fjarmognun](http://www.landsbankinn.is/fjarfestar/fjarmognun).

### SÉRTRYGGÐ SKULDABRÉF

- Áætlað er að gefa út sértryggð skuldabréf fyrir 41-46 ma.kr. á árinu 2020. Upphafleg áætlun um fjármögnun á markaði á árinu 2020 gerði ráð fyrir útgáfu sértryggðra skuldabréfa að fjárhæð 28-33 ma.kr. að nafnverði. Útgáfa á árinu 2020 til þessa er að fjárhæð 30 ma.kr. að nafnverði.
- Sjö flokkar sértryggðra skuldabréfa eru útistandandi, þrjú óverðtryggðir og fjórir verðtryggðir. Heildarnafnverð flokkanna nemur 166.980 m.kr.

Flokkur	Tegund	Markflokkur*	Gjalddagi	Nafnverð (m.kr.)
LBANK CB 21	Óverðtryggður	Nei	30.11.2021	6.820
LBANK CB 23	Óverðtryggður	Já	23.11.2023	31.040
LBANK CB 25	Óverðtryggður	Já	17.9.2025	10.160
LBANK CBI 22	Verðtryggður	Nei	28.4.2022	20.500
LBANK CBI 24	Verðtryggður	Nei	15.11.2024	39.080
LBANK CBI 26	Verðtryggður	Já	20.11.2026	10.140
LBANK CBI 28	Verðtryggður	Nei	4.10.2028	49.240
				166.980

\*Markflokkar eru flokkar sem reglulega eru boðnir til sölu

- Enginn flokkur sértryggðra skuldabréfa er á gjalddaga á árinu 2020 og gerir áætlunin því ráð fyrir að nafnverð útgefinna sértryggðra skuldabréfa nemi 178-183 ma.kr. í árslok 2020
- Útboð sértryggðra skuldabréfa verða að jafnaði tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland tveimur viðskiptadögum á undan fyrirhuguðu útboði
- Stefnt er að því að halda útboð á sértryggðum skuldabréfum að jafnaði einu sinni í mánuði, háð markaðsaðstæðum hverju sinni.
- Stefnt er að því að útboð bæði verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa fari fram að minnsta kosti ársfjórðungslega
- Arion banki, Íslandsbanki og Kvika sinna viðskiptavakt á eftirmarkaði með sértryggð skuldabréf útgefin af Landsbankanum
- Viðskiptavakar hafa aðgang að verðbréfalánum í þeim flokkum sem viðskiptavaktin nær til

### ÚTBOÐSDAGATAL

- Í töflunni má sjá fyrirhuguð útboð sértryggðra skuldabréfa á árinu 2020,

<u>Sértryggð skuldabréf</u>	
Janúar	Vika 3
Febrúar	Vika 7
Mars	Vika 11
Apríl	Vika 16
Maí	Vika 20
Júní	Vika 24
Júlí	Vika 28
Ágúst	Vika 34
September	Vika 38
Október	Vika 42
Nóvember	Vika 46
Desember	Vika 50

## VÍXLAR

- Ekki er gert ráð fyrir reglulegum víxlaútboðum á árinu 2020 en ákvörðun um útboð ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni
- Vixlaútboð verða að jafnaði tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland tveimur viðskiptadöum á undan fyrirhuguðu útboði
- Engir víxlaflokkar eru útistandandi
- Heildarútgáfa víxla á árinu 2020 er óákveðin og ræðst af markaðsaðstæðum

## ÖNNUR FJÁRMÖGNUN Á MARKAÐI

- Landsbankinn mun leitast við að gefa út víkjandi fjármögnun á markaði, sé það talið hagkvæmt og hagfellt fyrir fjármagnsskipan bankans
- Aðrir fjármögnunarkostir á markaði verða einnig til skoðunar á árinu 2020 með það að markmiði að breikka fjármögnunargrunn bankans.
- Form, fjárhæðir og tímasetningar slíkra útgáfna eru háðar markaðsaðstæðum hverju sinni

## FYRIRVARI

Landsbankinn áskilur sér rétt til þess að gera breytingar á útgáfuáætlun ársins 2020 án fyrirvara eða sérstakrar tilkynningar þar um.